



Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Hestamannafélaganna

Loga og Smára

2021



Ágrip

Vanalega hefði starfsárið hafist á kynningarfundum þar sem við komum saman og eigum góða stund og farið er yfir komandi starf. En ákveðið var að halda ekki kynningarfund fyrir starfið í þetta sinn heldur var dagskráin send út og auglýst á hinum ýmsu miðlum vegna stöðunnar á faraldrinum.

Ákveðið var að byrja starfið á 3 helgarnámskeiðum, reiðmennsku, trec og hindrunarstökki í Reiðhöllinni á Flúðum. Þá tók við leðurnámskeið þar sem krökkunum var kennt að búa til beisli og svo reiðnámskeið fyrir byrjendur, minna vana og vana í Hrísholti í Biskupstungum. Nefndir beggja félaga ákváðu í sameiningu að stofna sameiginlega upplýsingasíðu undir nafninu Hestakrakkar í uppsveitum til að auðvelda upplýsingaflæði. Hestamannafélagin Logi, Smári og Trausti hafa nú sameinast og unnið er að stofnun nýs hestamannafélags. Ástandið í samfélaginu og veðrið gerði það oft að verkum að ýmsu var frestað eða aflýst.

Í æskulýðsnefnd Loga og Smára 2021 sitja:

Elin Moqvist	Kristín Sigríður Magnúsdóttir
Guðrún Erna Þórisdóttir	Kathrina Andersen
Arite Fricke	Unnur Lína Schram
Arna Þöll Sigmundsdóttir	

Reiðnámskeið

Byrjað var á námskeiði í reiðmennsku þar sem Klara Sveinbjörnsdóttir kenndi. 20.-21.febrúar og voru 22 börn skráð. Helgina 27.-28.febrúar var Trec námskeið sem Klara kenndi einnig og voru 23 börn skráð. Því miður þurfti að fresta þriðju helginni vegna ástandsins í samfélaginu en stefnt var að reyna að halda það í ágúst en því miður var einungis eitt barn skráð svo það var blásið af.



Hið árlega reiðnámskeið í Hrísholti fór fram 6.-10.júní og var Klara Sveinbjörnsdóttir reiðkennari. Mikil þátttaka var en 32 börn og 2 fullorðnir voru með. Öllum var frjálst að skilja hesta sína eftir í hólfinu og sá Logi um að skaffa hey þar sem lítið gras var sprottið. Það var endað á tveimur reiðtúrum á fimmtudeginum þar sem foreldrar og aðrir aðstandendur voru velkomnir að ríða með og svo voru grillaðar pylsur í boði Loga.



Haldin voru tvö námskeið fyrir byrjendur og minna vana í Hrísholti í Biskupstungum 14.-18.júní 12 krakkar og 21.-25.júní 18 krakkar, leiðbeinandi var Kristín Sigríður Magnúsdóttir og voru hestar og reiðtygi á staðnum. Allir krakkar fengu verðlaun og var æskulýðsnefnd Loga með veitingar í lok námskeiða.



Keppnisnámskeið var haldið á Flúðum í júlí í tengslum við Gæðingamótið á Flúðum þar sem Maiju Varis reiðkennari sá um kennslu. Kennnt var í einkatímum einu sinni í viku í 3 skipti fyrir mót svo hver knapi gat undirbúið sig til að taka þátt í mótinu. Námskeiðið var að sjálfsögðu í boði fyrir alla sem vildu en ekki einungis fyrir þá sem stefndu á keppni en einungis 5 börn voru skráð.

Krökkum í Loga og Smára bauðst að taka þátt í námskeiði á vegum Trausta á Miðengi en það var felld niður vegna hraðrar útbreiðslu covid-19 og fjölgunar smita í samfélaginu. Við erum ávallt þakklát góðu boði og tökum öllu samstarfi með opnum hug.

Hefðbundið móthald

Í framhaldi af reiðnámskeiðinu hjá Klöru í júní var haldið létt mót sunnudaginn 13. júní, keppt var í pollaflokki, barnaflokki og minna keppnisvanir. Mótið var opið öllum og þátttaka frí. Dómari á mótinu var Maiju Varis reiðkennari og tamningamaður. Logi bauð uppá pylsur og léttu drykki fyrir keppendur og mótsgesti.



Gæðingakeppni á Flúðum fór fram í lok júlí. Góð þátttaka var á mótinu og voru yngri flokkarnir til fyrirmyndar.

Vettvangsferð

Vaninn hefur verið að fara í haustferð með stóra rútu í vettvangsferð þar sem mikil þátttaka hefur verið í gegnum árin en því miður varð að hætta við þá ferð sökum faraldursins. Við stefnum ótrauð áfram og höldum hefðinni á nýju ári.

Námskeið

Haldið var leðurnámskeið í þann 19.mars undir leiðsögn Kathrinu Andersen sem er lærður kennari og söðlasmiður. Námskeiðið heppnaðist einstaklega vel og með mikilli samvinnu nefndarmanna og foreldra tókst öllum sem tóku þátt að búa til sitt eigið beisli og merkja það með sínum hætti. Við stefnu hiklaust á að halda fleiri slík námskeið.



Samantekt

Þó að ástandið í samfélaginu hafi hiklaust verið betra þetta árið hefur faraldurinn sett sitt strik í reikninginn oftar en við hefðum viljað. Nefndarmenn, kennarar, börn og aðstandendur hafa þurft að efla aðlögunarhæfni sína á þessum krefjandi tímum og hefur okkur tekist nokkuð vel til. Námskeiðahald gekk vel og við erum heppin að hafa fengið frábæra kennara í samstarf með okkur ásamt því að hafa öfluga úti- og inniaðstöðu á Flúðum og í Hrísholti. Við erum einnig einstaklega stolt af samfélaginu okkar í heild þar sem við eigum aldeilis góða að og eru ávallt tilbúnir að rétta fram hjálparhönd.